

Stjrnfr: Helga Halldorsdottir wrote:

Drög eftir nefndarfund 26.11. 1998

123. löggjafarþing 1998-99.

Þskj. 135. - 135. mál.

Alþingi
Erindi nr. Þ 123/328
komudagur 27.11. '98

.... Breytingartillögur

við frv. til l. um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Í 1. mgr. falli niður orðið "(stofnana)".
2. Við 6. gr. Við bætist nýr málslíður, 2. másl., svohljóðandi: Að öðru leyti fer um heiti sjálfseignarstofnunar eftir ákvæðum firmalaga eftir því sem við á.
3. Við 7. gr. 1. mgr. orðist svo:
Stjórn sjálfseignarstofnunar, sem ætlað er að stunda atvinnurekstur skv. 3. gr., skal tilkynna hana til skráningar hjá sjálfseignarstofnanaskrá áður en atvinnurekstur hefst, þó eigi síðar en sex mánuðum frá dagsetningu stofnskjals.
4. Við 8. gr. Síðari másl. 3. málsgr. orðist svo: Við tilkynningu um skráningu skv. 42. gr. færast skuldbindingar þó yfir á sjálfseignarstofnunina.
5. Við 9. gr. Eftirfarandi breytingar verði á þessari grein:
 - a. c-liður verði b-liður.
 - b. d-liður verði c-liður.
 - c. b-liður verði d-liður.
 - d. Í stað orðsins "endurskoðenda" í h-lið komi: endurskoðenda (eða endurskoðunarfélaga).
 - e. Í stað orðanna "og tapi" í j-lið komi: eða fara með ef tap verður á rekstri sjálfseignarstofnunarinnar.
6. Við 10. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
 - a. 1. másl. orðist svo: Stofnfé sjálfseignarstofnunar, sem stundar atvinnurekstur, skal vera 2.000.000 kr. minnst.
 - b. Við bætist ný mgr. er verði 2. mgr. og orðist svo:
Nú uppfyllir sjálfseignarstofnun kröfu um lágmarksfjárhæð þegar hún er stofnuð og er henni þá eigi síðar skylt að hækka stofnfé í samræmi við endurskoðun lágmarksfjárhæðar samkvæmt þessari grein.
7. Við 12. gr. Eftirfarandi breytingar verði á þessari grein:
 - a. Síðari másl. 3. mgr. falli brott.
 - b. 2. og 3. másl. 5. mgr. orðist svo: Hækkun stofnfjár skal framkvæmd áður en tilkynnt er og öðlast hún ekki gildi fyrr en við tilkynningu. Ef ákvörðun um hækkun hefur ekki verið tilkynnt innan árs fellur hún úr gildi.
8. Við 13. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
 - a. Í stað orðanna "lækka stofnfé nema" í 1. mgr. komi orðin: lækka stofnfé, t.d. til að jafna tap fyrri ára nema.
 - b. Í stað orðanna "fullnægja öllum kröfuhöfum" í 1. mgr. standi orðin: fullnægja öllum kröfum.
 - c. Í stað orðanna "frá endanlegu samþykki til lækkunar" í fyrri másl. 2. mgr. komi: frá því að hún var samþykkt.
 - d. Í stað síðari másl. 2. mgr. komi tveir nýir málslíðir sem orðist svo: Lækkun öðlast ekki gildi fyrr en við tilkynningu. Ef ákvörðun um lækkun hefur ekki verið tilkynnt innan árs fellur hún úr gildi.
 - e. 3. mgr. orðist svo: Lækkun stofnfjár skal auglýst í Lögbirtingablaði.
9. Við 15. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
 - a. 1. mgr. orðist svo:

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um sjálfseignarstofnanir, hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.

b. Í 2. másl. 2. mgr. falli niður orðið "þó".

10. Við 16. gr. Í stað 2. og 3. mgr. komi ein málsgrein sem orðist svo:

Gerir stjórnarmaður sig sekan um háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að hann muni ekki sinna starfinu á viðunandi hátt skal hann víkja úr stjórninni. Sama á við ef hann getur ekki vegna langvarandi veikinda eða annarra forfalla sinnt starfinu sem skyldi.

11. Við 22. gr. Í stað orðsins "mega" í 1. másl. komi: má.

12. Við 23. gr. Í stað orðanna "vera í fulltrúaráði" í 2. mgr. standi: skipa meiri hluta fulltrúaráðs.

13. Við 24. gr. Í stað orðanna "fundum stofnunarinnar" í 3. mgr. komi: stjórnarfundum.

14. Við 26. gr. Í stað orðanna "Hinn daglegi" í 2. másl. 2. mgr. komi: Daglegur.

15. Við 29. gr. Í stað orðanna "laga nr. 144/1994 um ársreikninga, með áorðnum breytingum" komi: laga um ársreikninga.

16. Við 31. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:

a. Í stað orðanna "einn eða fleiri endurskoðendur eða skoðunarmenn og varamenn þeirra, eða endurskoðunarfélög" í 1. másl. 1. mgr. komi: einn eða fleiri endurskoðendur (eða endurskoðunarfélög) eða skoðunarmenn og varamenn þeirra.

b. Í stað orðsins "ársreikningalögum" í 2. mgr. komi: lögum um ársreikninga.

c. Í stað orðanna "eða laga þessara" í 2. mgr. komi: laga um ársreikninga eða laga um endurskoðendur.

17. Við VI. kafla. Fyrirsögn kaflans verði Úthlutun fjár og o.fl.

18. Við 33. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður sem orðist svo: Úthlutun fjármuna skal vera eðlileg með hliðsjón af tilgangi og eignarstöðu stofnunar.

19. Við 35. gr. Eftirfarandi breytingar verði á þessari grein:

a. 1. mgr. falli brott og númeraröð annarra málsgreina breytist samkvæmt því.

b. Í stað orðanna "1.-3. mgr." í 4. mgr., sem verður 3. mgr., komi: 1.-2. mgr.

20. Við 36. gr. 1. másl. 3. gr. orðist svo: Mál skv. 1. mgr. skal höfða gegn stofnendum innan tveggja ára frá töku ákvörðunar um stofnun og gegn stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum innan tveggja ára frá lokum þess reikningsárs þar sem ákvörðunin eða athöfnin, sem málið byggist á, var samþykkt eða gerð.

21. Við 39. gr. Í stað orðanna "Tilkynning um stofnun" í 1. mgr. komi: Í tilkynningu.

22. Við 44. gr. Í stað orðanna "sektum, varðhaldi eða fangelsi" komi: sektum eða fangelsi.

Ekki var talin ástæða, sbr. ábendingu frá Gunnari Jakobssyni, til að gera tilraun til að skilgreina sjálfseignarstofnun. Skilgreiningar eru erfiðar og hættulegar, geta orðið ýmist of víðar eða of þröngar og því skapað meiri vandamál en þær leysa.

Hvað snertir umsögn Verslunarráðs var ekki talið rétt að breyta 8. gr. varðandi rétt hæfi, greina frá framlagsfé hvers og eins stofnanda skv. 9. gr. (aðeins heildarfé eins og í hlutafélagalöggjöf), breyta 25. gr. viðvíkjandi grandleysi, breyta kaflaskipan (fyrirsögn breytt í staðinn) eða skjóta orðinu "endurskoðunarfélagi" inn á ýmsum stöðum (innskot í 9. gr. og 31. gr. voru talin duga og yrðu viðmiðun annars staðar). Þá vill fjármálaráðuneytið ekki hafa aukatekjuákvæðið í þessu frumvarpi. Þá var ekki gerð breyting á 37. gr. vegna athugasemdar Félags löggiltra endurskoðenda varðandi það hvernig eigi að ráðstafa eignum við slit. Í því sambandi vísast til k-liðar 9. gr. um það hver sé bær um að leggja sjálfseignarstofnun niður (ákvæði í samþykktum).